

# Starfsáætlun



leikskólans Birkilundar

**veturinn 2024-2025**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Hagnýtar upplýsingar .....	3
3. Skólahúsnaði .....	4
3.1. Stærð og einkenni .....	4
3.2. Leikskólalóð .....	5
3.3. Umhverfi .....	6
3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur .....	6
4. Fæðismál .....	6
5. Starfsrammi .....	6
5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma .....	7
5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda .....	8
5.3. Skráningardagar .....	8
6. Starfsmannahald .....	8
6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun .....	9
6.2. Skipurit .....	9
6.3. Starfspróunarsamtöl .....	10
6.4. Símenntunaráætlun .....	10
7. Áhersluatriði leikskólans .....	11
7.1. SMT .....	11
7.2. Stig af stigi .....	11
7.3. Leikur að læra .....	12
7.4. Tákn með tali .....	12
7.5. Læsi í leikskóla .....	12
7.6. Könnunarleikur .....	12
7.7. Námskrá .....	13
8. Skólastarfið .....	13
8.1. Starfið á deildunum .....	16
8.1.1. Reyniland .....	16
8.1.2. Kvistaland .....	16
8.1.3. Könglaland .....	17
8.1.4. Opið milli deilda og ferðir milli húsa .....	17

8.1.5.	Viðfangsefni í hópatímum .....	17
8.1.6.	Vettvangsferðir í rútu.....	18
8.2.	Proski og framfarir .....	18
8.2.1	Skipulag sérkennslu.....	19
9.	Samstarf leik- og grunnskóla.....	19
9.1.	Gaman saman .....	19
10.	Fjölskylduþjónusta.....	19
11.	Foreldrasamstarf .....	20
11.1.	Foreldrafélag.....	20
11.2.	Foreldraráð .....	20
11.3.	Foreldrafundir og foreldraviðtöl.....	21
12.	Sérstök verkefni .....	21
13.	Innra mat .....	21
14.	Ýmsar áætlanir .....	22
Fylgiskjöl	.....	22
Fylgiskjal 1 – Umsögn foreldraráðs	.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>

## 1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 ber að gefa árlega út starfsáætlun fyrir leikskólann þar sem gerð er grein fyrir starfsemi, svo sem skóladagatali og öðru því sem varðar starfsemi leikskólans. Gerð er grein fyrir skólahúsnæðinu og nánasta umhverfi leikskólans, barnafjölda, starfsmannahaldi og ýmsum verkfærum og matslistum sem notaðir eru. Sett fram áætlun um það hvernig við ætlum að vinna með börnunum og hvernig samstarfi við foreldra er háttað. Með þessu á að vera komið heildstætt yfirlit yfir starfið og það sem því tengist og hefur áhrif á það hvernig unnið er.

Það setur svip á þessa áætlun að í byrjun nóvember urðu róttækar breytingar í starfinu þegar skólahópurinn fluttist úr leikskólanum í byrjun nóvember í nýja deild í Varmahlíðarskóla og lauk þar með göngu sinni á vegum Birkilundar. Var því aðlögun númer tvö á öllum deildum í nóvember. Setti þetta svip sinn á alla haustönnina. Áætlunin tekur mið af samsetningunni eins og hún er eftir að þessar breytingar eru komnar til framkvæmda og nýir hópar hafa verið myndaðir á hverri deild. Foreldraráð hefur lesið áætlunina og fylgir umsögn þess með, sjá fylgiskjal 1.

## 2. Hagnýtar upplýsingar

Opnunartími 7:45-16:15

sími 4538215, sími á Reynilandi: 5718215

netfang: [birkilundur@skagafjordur.is](mailto:birkilundur@skagafjordur.is)

heimasíða: <https://birkilundur.karellen.is>

Leikskólastjóri: Steinunn Arnljótsdóttir

Staðgengill leikskólastjóra/deildarstjóri Könglalands: Sigurbjörg Eva Egilsdóttir  
[sigurbjorg@skagafjordur.is](mailto:sigurbjorg@skagafjordur.is)

Deildarstjóri Kvistalands: Sigríður Helgadóttir [sigridurh@skagafjordur.is](mailto:sigridurh@skagafjordur.is)

Deildarstjóri Reynilands: Guðbjörg Sigfúsdóttir [gudbjorgs@skagafjordur.is](mailto:gudbjorgs@skagafjordur.is)

Forföll barna á Könglalandi og Kvistalandi skal tilkynna í síma 4538215 eða í Karellen. Forföll barna á Reynilandi skal tilkynna í síma 5718215 eða í Karellen.

Karellen er rekstrarkerfi fyrir skráningu og utanumhald upplýsinga, auk þess sem vefkerfi fylgir með. Kerfið á að mæta þörfum foreldra og starfsmanna fyrir upplýsingar um starfsemi skólans.

Lokaðir hópar á Facebook eru fyrir hverja deild. Þar eru settar inn myndir og frásagnir úr starfinu. Vegna tilmæla frá Persónuvernd þá reynum við að setja frekar inn myndir af barnahópum en einstökum börnum og tókum myndirnar þannig

að ekki sé auðvelt fyrir ókunnuga að þekkja börnin af myndunum. Eingöngu foreldrar barna við Birkilund og starfsfólk á hverjum tíma geta verið meðlimir í þessum hópum.

### 3. Skólahúsnæði

Leikskólinn Birkilundur er þriggja deilda leikskóli. Könglaland (elsta stig) og Kvistaland (mið stig) eru í húsnæðinu við Furulund 3. Húsið er timbureiningahús, 185 fm að stærð, sem var reist árið 1998. Leikskólastarfsemi hófst þar í febrúar 1999. Reyniland (yngsta stig) er í húsnæði þar sem áður var pósthús og banki og stendur við Sauðárkróksbraut norðan við Olís. Það húsnæði er 150 fm. Reyniland var tekið í notkun í mars 2016 í þeim hluta sem áður var pósthús. Suðurendinn, þar sem áður var banki, bættist við í mars 2022. Skipting milli deilda fer eftir fjölda og aldursdreifingu hverju sinni. Leikskólinn hefur einnig til afnota sumarhús, Furulund 5. Nefnist það Furulund. Það er nýtt fyrir fundi og foreldraviðtöl og einstaka sinnum er farið með barnahóp þangað. Einnig er það nýtt sem kaffistofa fyrir sameiginlega kaffitíma starfsmanna einu sinni í viku. Í báðum görðunum eru 6 fm. leikfangaskúrar úr timbri, óupphitaðir og ekkert rafmagn í þeim. Við Reyniland er tréþallur sem rúmar nokkra barnavagna á hvíldartíma.

#### 3.1. Stærð og einkenni

Gert er ráð fyrir að 45 börn geti dvalið í leikskólanum samtímis; 17 á Reynilandi, 13 á Kvistalandi og 15 á Könglalandi. Það er þó ekki í samræmi við núgildandi rýmisviðmið. Vinnueftirlitið gerir kröfu um að reiknað sé 4,8 fm rými fyrir hvern starfsmann á deild miðað við 2,5 m lofthæð og í byggingareglugerð kemur fram að lágmarks leikrými barns eigi að vera 3 fm. Leikrými er það svæði sem börnin hafa alla jafnan aðgang að allan daginn til að leika sér. Geymslur, skápar og salerni teljast ekki til leikrýmis. Til að fara eftir ofangreindum rýmisviðmiðum ættu ekki að vera fleiri en 11 börn og 2 starfsmenn á Könglalandi, 9 börn og 2 starfsmenn á Kvistalandi og 15 börn og 4 starfsmenn á Reynilandi (miðað við 1-2 ára börn). Alls gerir þetta rými fyrir 35 börn. Það er því augljóst að rík ástæða er til þess að nýr leikskóli fari að líta dagsins ljós svo hægt sé að fara eftir þeim rýmisviðmiðum sem eru í gildi og skapa betri starfsaðstæður fyrir börn og starfsfólk.

Húsið við Furulund 3 er 185 fm og Reyniland er 150 fm. Furulundur 5 er 50 fm. Óskað var eftir því að þar yrði gerð undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk, fundaaðstaða og skrifstofa skólastjóra, enda er sú aðstaða ekki viðunandi í Birkilundi þar sem kaffistofan er jafnframt nýtt sem undirbúningsaðstaða kennara

og fundarherbergi og skrifstofa skólastjóra er nýtt fyrir stuðningskennslu. Ekki hefur orðið af neinum framkvæmdum þar fyrir utan það að starfsfólk tók sig til og málaði hluta af húsnæðinu. Starfsmannainngangur í Birkilundi er mjög þröngur og lítið pláss til að hengja upp utanyfirfatnað. Eldhúsið er of lítið og illa búið tækjum til þess að hægt sé með góðu móti að elda þar fyrir 40-50 manns en það hefur þó verið gert þegar ekki kemur matur frá mötuneyti Varmahlíðarskóla í styttri fríum yfir vetrartímann og nokkra daga fyrir og eftir sumarlokun.

Bílastæðið við Birkilund rúmar 10 bíla sem rétt dugir fyrir starfsmannabíla. Oft skapast örtröð á bílastæðinu um fjögur leitið á daginn þegar margir koma á sama tíma að sækja börn. Nokkur tjón hafa orðið á bílum á bílastæðinu í gegnum árin vegna þrengsla. Við Reyniland er oft mikil umferð. Þar er rafhleðslustöð þar sem 3 bílar geta verið í hleðslu í einu. Þessi stöð er í stöðugri notkun og því mikil umferð af hennar völdum framan við leikskóladeildina. Við Reyniland er einnig oft áningarstaður ferðafólks og sér þess merki í ruslatunnum.

### 3.2. Leikskólalóð

Heildarstærð lóðar við Birkilund er 2.135 fm. Leiksvæði barnanna er um 1.400 fm. Leiksvæðið býður upp á ýmsa möguleika, þar eru fjölbreytt leiktæki, stór stétt, göngustígar og brekka. Það er stór sandkassi, 6 rólur (þar af 2 fyrir eins árs börn), kastali með rennibraut og ruggudýr af mismunandi stærðum. Það eru til nokkur þríhjól og 2 stórar gröfur, sem eru geymd í leikfangaskúr þegar þau eru ekki í notkun.

Leiksvæðið við Birkilund er mjög skjólsælt þar sem skógur er allt í kring. Þetta gerir það af verkum að það er nánast aldrei svo hvasst eða vont veður að ekki sé hægt að fara út í garðinn. Á móti kemur að snjó tekur seinna upp og svell sitja oft lengi á lóðinni þar sem hláka virkar ekki eins vel í logninu.

Leiksvæðið við Reyniland er 415 fm. Á leiksvæðinu eru 4 rólur fyrir eins árs börn, gormatæki fyrir 1 barn, rennibraut og sandkassi. Einnig eru til nokkrir sparkbílar sem geymdir eru í leikfangaskúr þegar þeir eru ekki í notkun. Nokkur lerkitré eru að vestanverðu í garðinum og tvö furutré norðan við. Það er smá brekka upp að trjánum að vestanverðu í garðinum. Þónokkur næðingur er í garðinum í norðanátt en meira skjól fyrir öðrum áttum, sem veldur því að snjór og svell tekur hægar upp en á opnari svæðum.

### 3.3. Umhverfi

Umhverfi leikskólans er mjög fjölbreytt. Þar er mikill trjágróður og móar og melar fyrir ofan. Við Furulundinn er skógarreitur sem Skógræktarfélag Skagafjarðar á. Trén eru orðin hávaxin og veita gott skjól í leikskólagarðinum auk þess sem þar er kjörið útivistarsvæði. Leikskólinn hefur fengið leyfi hjá Skógræktarfélaginu til að nýta skóginn fyrir leikskólann. Þar hefur verið komið upp greinakofa og netum til að klifra í eða sitja í. Einnig eru þar kaðlar sem hægt er að ganga eftir.

Reyniland stendur nálægt þjóðveginum og við hliðina á verslun Olís í Varmahlíð. Göngustígur er upp brekkuna vestan við Reyniland.

Varmahlíðarhverfið er byggt austan í Reykjarhólnum. Reykjarhólsskógur þekur mestan hluta hólsins, göngustígar eru víða um skóginn og alla leið upp á topp. Á toppnum er hringsjá, skilti með myndum af fjallahringnum, þar sem nöfn fjallanna eru merkt inná, og mikið og fallett útsýni. Húseyjarkvíslin rennur neðan við Varmahlíðarhverfið og er í stuttu göngufæri frá leikskólanum. Þar er oft fjöruft fuglalíf. Helsta kennileitið við kvíslina er Hestavígshamar, sem staðsettur er alveg við kvíslina austurundan Víðimel.

### 3.4. Nauðsynlegt viðhald og endurbætur

Margt mætti betur fara og ýmislegt þyrfti að bæta í núverandi húsnæði til þess að auka öryggi og bæta aðstöðu. Ekki verður þó gengið eftir því þar sem hyllir undir breytingar. Ánægjulegt er að sjá nýtt húsnæði rísa og vonum við að vinna við lóðina verði boðin út fljótlega svo hægt verði að hefjast handa við þær framkvæmdir strax og veður leifir. Mörg börn eru á biðlista og mikil þrengsli og óviðunandi aðstaða í núverandi húsnæði. Því er mikil þörf á því að halda tímamörk á framkvæmdum þannig að starfsemi geti hafist í nýju húsnæði haustið 2025.

## 4. Fæðismál

Hádegismatur fyrir Birkilund er eldaður í Varmahlíðarskóla. Eldað er í Birkilundi í haust-, jóla-, vetrar- og páskafríi og þá daga yfir sumarið sem matráður Varmahlíðarskóla er í sumarfríi. Eru það alls um 20 dagar á ári.

## 5. Starfsrammi

Starfið í leikskólanum mótast af þeim ramma sem settur er um starfið og þeim börnum sem þar dvelja, aldri þeirra, þroska og þörfum. Þar sem árgangar eru misjafnlega stórir breytast áherslur eftir því hvernig aldursdreifingin er. Aðlögun hefur áhrif á starfið og svo eru sérstakir skráningardagar, sem teknir voru upp í byrjun október, sem einnig hafa áhrif á starfsemina.

## 5.1. Barnafjöldi og lengd dvalartíma

Þann 15. sept. voru 43 börn í leikskólanum; 23 drengir og 20 stúlkur. Voru þá mörg börn enn á biðlista. Í byrjun nóvember fór árgangur 2019 á leikskóladeild sem stofnuð var í Varmahlíðarskóla. Voru þá tekin inn börn í þau pláss sem losnuðu. Hér á eftir er sett inn tafla sem sýnir barnafjölda og aldursdreifingu 15. sept og önnur sem sýnir samsetningu barnahósins 1. desember. Í byrjun janúar bætist síðan ein stúlka fædd 2023 við á Reyniland. Þá er búið að fylla leikskólann og ekki hægt að taka fleiri börn inn á þessu skólaári. Eru þá enn nokkur börn á biðlistanum, sum orðin eins árs og önnur sem verða það fljótlega. Í töflunum um fjölda barna og dvalartíma reiknast viðveran sem meðaltals tímafjöldi á dag miðað við 5 daga vikunnar.

Fjöldi barna og dvalartími 15.9.2023						viðvera í klst.					
fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móðurmál	9	8	7	6	4	Timar alls
2019	8	4	4		2	1	6	1			64
2020	14	5	9		1	2	10	1		1	109
2021	12	7	5	1	3	1	8	2	1		93
2022	7	6	1		2	1	4	1		1	52
2023	2	1	1				2				16
<b>alls</b>	<b>43</b>	<b>23</b>	<b>20</b>		<b>8</b>	<b>63</b>	<b>232</b>	<b>28</b>	<b>18</b>		<b>334</b>

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu (8,5 verður þannig að 9).

Fjöldi barna og dvalartími 1.12.2023						Viðvera í klst.*						
fæðingarár	fjöldi	drengir	stúlkur	stuðningur	annað móðurmál	9	8	7	6	5	4	Timar alls
2020	14	5	9		1	1	8	3	1		1	104
2021	12	7	5	1	3		10	2				94
2022	7	6	1		2		3	3			1	49
2023	9	4	5				4	3		2		63
<b>alls</b>	<b>42</b>	<b>22</b>	<b>20</b>		<b>8</b>	<b>63</b>	<b>232</b>	<b>28</b>	<b>18</b>			<b>310</b>

\*fjöldi viðverutíma er jafnaður að næstu heilu tölu (8,5 verður þannig að 9).



## 5.2. Aðlögun og flutningur milli deilda

Aðlögun fer oftast fram í ágúst og september. Að loknu sumarleyfi fluttust fimm börn af Reynilandi á Kvistaland. Kennari af Reynilandi var á Kvistalandi fyrstu tvo dagana. Sex börn komu í aðlögun á Reyniland í upphafi skólaársins. Einnig komu fjögur börn í aðlögun á Könglaland. Áætlað er að aðlögun hvers barns taki u.þ.b. viku. Í byrjun nóvember fóru átta börn af Könglalandi á nýja deild í Varmahlíðarskóla, sjö börn fluttust af Kvistalandi á Könglaland, sjö börn fluttust af Reynilandi á Kvistaland og sjö börn voru tekin inn á Reyniland fram til 2. des. Eitt barn verður tekið inn á Reyniland í byrjun janúar. Ekki eru líkur til að hægt verði að taka fleiri börn inn á skólaárinu.

## 5.3. Skráningardagar

Í framhaldi af vinnu spretthóps um nýja nálgun í leikskólamálum í Skagafirði var ákveðið að taka upp sérstaka skráningardaga í leikskólunum. Skráningardagar eru dagar þar sem ekki er gert ráð fyrir að börn mæti í leikskólann nema foreldrar skrái þau sérstaklega. Markmiðið með skráningardögum er að gefa foreldrum tækifæri til að lækka leikskólagjöld ef þeir geta haft börnin heima og til að starfsmenn geti í meira mæli nýtt styttingu vinnuvikunnar eða sumarorlof þessa daga. Ákveðið var að það yrðu 20 skráningardagar á skólaárinu og að þeir ættu að fylgja haust-, vetrar-, jóla- og páskaleyfi grunnskóla og vera á klemmudögum (þegar einn virkur dagur er á milli frídaga) þegar ekki er um skipulagsdag eða lokun vegna starfsmannafunda að ræða á sömu dögum í leikskólum. Sá fjöldi skráningardaga sem ekki kemst á slíka daga skal settur á aðra daga sem leikskólastjórar telja að geti hentað starfseminni eða að megi gera ráð fyrir að börn verði færri en venjulega. Foreldrar skulu skrá börn sín sérstaklega í leikskólann þessa daga með rafrænum hætti a.m.k. fjórum vikum áður en daginn ber upp. Leikskólastjórar ákveða hve langur fresturinn er. Greitt verður sérstaklega fyrir skráningardaga og skal fjárhæð ákveðin í gjaldskrá leikskóla.

## 6. Starfsmannahald

Stöðugildi voru 15,18 fyrsta september 2023. Þau voru aukin í 15,53 í apríl 2024 vegna stuðnings við barn og í 16,18 í september vegna aukins stuðnings við barnið. Einn starfsmaður var í fæðingarorlofi til 14. nóvember. Einn starfsmaður er í veikindaleyfi, sem hófst í maí og ekki er vitað hvenær lýkur. Ekki hefur tekist að ráða afleysingu í hans stað og hefur það því verið leyst að mestu með yfirvinnu annarra starfsmanna.

## 6.1. Fjöldi starfsmanna, starfshlutfall og menntun

Tölur í töflu miðast við 15. sept. 2024	Menntunarstig, fjöldi								
	fjöldi	stöðugildi	Leikskólakennari	Iðjupjálfi	Önnur uppeldism.	Diplomanám	Leikskólaliði	Önnur háskólamenntun	Ófaglærðir
Leikskólastjóri	1	1	1						
Aðstoðarleikskólastjóri									
Leikskólakennari/starfsmaður á deild	16	13,48	6				5		5
Sérkennslustjóri/verkefnastjóri námsaðl.									
Sérkennari/stuðningsaðili									
Starfsmaður í eldhúsi	1	0,72						1	
Annað									
Alls	18	15,2	7				5	1	5

## 6.2. Skipurit

**Leikskólastjóri**

- stjórnar daglegri starfsemi leikskólans, ber ábyrgð á gerð námskrár, starfsáætlunar og mati á starfsemi leikskólans.
- er faglegur leiðtogi.
- ber ábyrgð á rekstri leikskólans, sér um ráðningu starfsmanna og innritun barna í leikskólann, deilir verkefnum og ábyrgð til starfsmanna og ber ábyrgð á samstarfi og upplýsingagjöf til foreldra.

**Staðgengill leikskólastjóra**

- Sinnir störfum leikskólastjóra ef hann er fjarverandi um lengri tíma.

**Deildarstjóri**

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati starfsins á deildinni.
- Annast daglega verkstjórn á deildinni og ber ábyrgð á að miðla upplýsingum innan deildarinnar, milli deilda leikskólans og milli leikskólastjóra og deildarinnar.
- Ber ábyrgð á og stýrir deildarfundum og skipuleggur undirbúningstíma starfsfólks deildarinnar.
- Hefur umsjón með móttöku, þjálfun og leiðsögn nýrra starfsmanna deildarinnar.

**Leikskólakennari**

- Vinnur að uppeldi og menntun barnanna.
- Tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs deildarinnar undir stjórn deildarstjóra.

#### **Leiðbeinandi**

- starfar samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, eftir bestu getu og helst undir handleiðslu leikskólakennara ef því verður við komið.

#### **Starfsfólk á Reynilandi**

- Auk ofantalinna verkefna deildarstjóra, leikskólakennara og leiðbeinanda sér starfsfólk á Reynilandi um að setja á vagna fyrir matmálstíma, ganga frá og vaska upp, frágang á þvotti og innkaup á matvælum fyrir sína deild.

#### **Matráður**

- tekur á móti hádegismat og framreiðir hann og sér um uppvask og frágang í eldhúsi.
- ber ábyrgð á morgun- og síðdegishressingu og innkaupum á matvælum.
- sér um þvott leikskólans og flokkun úrgangs.
- eldar fyrir leikskólann í styttri fríum Varmahlíðarskóla.

#### **Ræsting**

- sér um ræstingu leikskólahúsnæðisins samkvæmt starfslýsingu.

### 6.3. Starfspróunarsamtöl

Starfspróunarsamtal er samtali milli stjórnanda og starfsmanns þar sem rætt er um hvernig starfið hefur gengið, hvað viðkomandi starfsmaður er ánægð/ur með og hvað mætti fara betur. Einnig er rætt um væntingar og óskir starfsmannsins. Allir starfsmenn eru boðaðir í 3 stutt viðtöl dreifð yfir starfsárið. Fyrsta viðtalið er í nóvember og þá er rætt um þær áskoranir sem fólk hefur tekist á við í upphafi skólaársins, annað viðtalið er í jan/feb og þá er umræðuefnið starfsánægja og frammistaða, síðasta viðtalið er í maí/júní og þá er umræðuefnið starfspróun og framtíðarsýn. Vegna þeirra tilfærsla sem urðu í byrjun nóvember var ákveðið að fresta starfsmannasamtölum fram í janúar og hafa þau einungis tvisvar á þessu skólaári.

### 6.4. Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun skólans segir til um það hvaða efni hefur verið fjallað um og hvenær er áætlað að fara í það næst. Áhersluatriði í starfi skólans hafa áhrif á hvaða efni unnið er með og hversu oft. Sumt þarf að rifja upp á hverju ári, en annað sjaldnar. Þannig höfum við gott yfirlit yfir það hvernig þekkingunni er viðhaldið og einnig hvað kemur nýtt inn.

Símenntunaráætlun Birkilundar	Hve oft	Síðast	Áætlun
Brunaæfing – stutt kynning	Á hverju ári	31.8.2021	Janúar 2025
Starfsandi, jákvæð samskipti, sjálfsstyrking, starfsmannaferðir, skólaheimsóknir	Á hverju ári	Okt 2023	Janúar 2025
Skyndihjálp	2.hvert ár	30.9.2024	Haust 2026
Barnavernd/tilkynningarskylda	3.hvert ár	6.2.2024	2025-2026
Brunavarnir, æfing með slökkvitæki		4.9.2018	Jan 2025
Stærðfræði – t.d. Numicon, einingakubbar, Leikur að læra		11.10.2019	
Málörvun, máltaka, læsi, Tákn með tali,		30.8.2024	2025-2026
Hreyfing, útikennsla, umhverfisvitund		11.10.2019	
Sköpun – tónlist, myndlist, leiklist, dans,		1.9.2023	
Leikurinn		30.9.2022	
Líkamsbeiting og vinnutækni	3.hvert ár	12.10.2021	Haust 2025

## 7. Áhersluatriði leikskólans

### Markmið Birkilundar

- Að veita börnunum tækifæri til þess að læra og þroskast í gegn um leik.
- Að efla félagslega færni barna.
- Að stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði barna.
- Að efla málþroska barna.
- Að styrkja sjálfsmynd og efla sjálfstæði barna.
- Að kenna börnum að virða náttúruna og njóta hennar.

Til þess að ná þessum markmiðum er á hverjum degi gefinn góður tími fyrir sjálfspróttinn leik, boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til að vinna með, unnið er með sérstök viðfangsefni í minni hópum og við nýtum verkfæri eins og SMT, Tákn með tali, Stig af stigi, Leikur að læra og Könnunarleik.

### 7.1. SMT

Við notum verkfæri SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft og tryggja öryggi og velferð nemenda og kennara. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð kennara gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Við notum hrós til að sýna börnum jákvæða athygli og til að auka tíðni æskilegrar hegðunar. Við notum skýr fyrirmæli til þess að barnið viti til hvers er ætlast af því.

### 7.2. Stig af stigi

Stig af stigi er þjálfunarefni sem ætlað er að auka félags- og tilfinningaþroska barna. Efnið er notað til að kenna börnum að skilja aðra og láta sér lynda við þá, að

leysa úr vanda og byggja upp félagslegan skilning. Börnunum er einnig kennt að hafa stjórn á æsingi og reiði. Börnunum eru sýndar myndir af börnum í mismunandi líkamsstillingum með mismunandi svipbrigði. Þessar myndir eru af ólíkum tilfinningum; gleði, reiði, hræðslu og fleiru. Tilgangur myndanna er að sýna hvernig svipbrigði og líkamstjáning birtist með hverri tilfinningu. Reynt er að kenna börnum að lesa í tilfinningar og gera sér grein fyrir því að það eru ekki allir eins. Við notum þetta efni með tveim elstu árgöngunum.

### 7.3. Leikur að læra

„Leikur að læra“ eru leikir og æfingar þar sem samþætting hreyfingar við stærðfræði-, bókstafa og hljóða-, lita- og formakennslu er höfð að leiðarljósi. Kennsluáðferðin virkar mjög vel fyrir 2-9 ára börn þar sem hreyfipörfin er mikil. Hreyfing er manningu eðlislæg og öll skynhreyfing eykur varðveislu þekkingar. Hreyfing hefur einnig áhrif á hæfileikann til að varðveita nýja þekkingu eða kunnáttu og endurkalla hana. Þessi aðferð er nýtt í málörvun og öðru starfi inni á deildum, í útinámi, tónlistarstundum og í íþróttahúsi.

### 7.4. Tákni með tali

Tákni með tali er tjáningarform sem byggt er á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknin eru alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hverrar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. Tákni með tali er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna. Við vinnum með tákni vikunnar og notum tákni líka með söngvum.

### 7.5. Læsi í leikskóla

Í hverri viku vinnum við með málhljóð vikunnar. Verkefni geta verið af ýmsum toga, unnin úti eða inni, eftir því sem hugmyndflugið býður uppá. Unnið er með Lubba námsefni. Við höfum bækur aðgengilegar fyrir börnin, nöfn barnanna og nöfn á hlutum sýnileg víðs vegar um leikskólann. Reglulega er lesið fyrir börnin, sungið, klappað í atkvæði og fleira sem stuðlar að auknum orðaforða og málskilningi og eflir hljóða- og hljóðkerfisvitund barnanna.

### 7.6. Könnunarleikur

Könnunarleikur er aðferð sem er skilgreind sem afbrigði náms og er ætluð sem viðbót við fyrri leik barnanna til þess að auðga hann. Könnunarleikur stuðlar að því að barnið finnur út hlutina á sínum eigin forsendum og er unninn í litlum hópum með börnum á aldrinum 1-3 ára. Börn á þessum aldri hafa þörf fyrir að kanna umhverfi

sitt og uppgötva eðli og eiginleika hluta á eigin forsendum. Þau örva öll skynfæri og æfa notkun orða og hugtaka. Í leiknum eru notaðir verðlausir hlutir s.s keðjur, lykklar, dósir, lok og annað. Börnin læra að taka saman á skipulagðan hátt þar sem hlutirnir eru flokkaðir og hver hlutur fer í sinn poka. Lögð eru orð á hluti og hugtök s.s. fyrir framan, aftan, undir, yfir, bakvið o.s.frv. Hlutverk kennara er að vera til staðar og fylgjast með leiknum án afskipta og kenna börnunum að ganga frá eftir sig.

### 7.7. Námskrá

Unnið er eftir aðalnámskrá leikskóla, sem kom út 2011. Skólanámskrá var gefin út árið 2007. Nýjasta útgáfan af henni var gefin út vorið 2019. Hana má finna á heimasíðu Birkilundar á eftirfarandi slóð: <https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/n%C3%A1msskr%C3%A1%20birkilundar%202019.pdf>. Endurskoðun á námskránni er í vinnslu.

## 8. Skólastarfið

Skóladaगतal þar sem fram kemur hvaða daga leikskólinn er lokaður, hvenær eru skráningardagar, hvenær starfsmannafundir eru haldnir og ýmsir viðburðir í skólastarfinu má finna á [https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/leikskoladagatal-2024-2025%20\(1\)%20\(1\).pdf](https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/leikskoladagatal-2024-2025%20(1)%20(1).pdf)

Tvisvar yfir skólaárið er foreldrum boðið í kaffi og fjölskyldum barnanna er boðið á jólaball leikskólans. Á öskudaginn er grímuball og í byrjun júní er gengið á Reykjarhólinn. Aðrar ferðir og viðburðir eru kynnt þegar að þeim kemur.

Dagskipulagið mótar ramma um starfið. Það er mismunandi eftir deildum þar sem þarfirnar eru breytilegar eftir aldri barnanna.

### Dagskipulag á Könglalandi

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi	11:45 hádegismatur
08:00 leikur á deild	12:20 hvíld/róleg stund
08:15 leikur/morgunmatur	13:00 útivera
09:15 leikur/hópastarf	14:45 síðdegisdrykkur
10:00 ávaxtatími	15:20 frjáls leikur
10:15 leikur/hópastarf	16:10 deildir sameinast á Könglalandi
11:15 söngur/samverustund	16:15 leikskólinn lokar

**Dagskipulag á Kvistalandi**

07:45 leikskólinn opnar á Kvistalandi, leikur	11:45 hádegismatur
08:10-15 morgunm./leikur	12:10 hvíld/lestur/róleg stund
09:10 hópastarf	13:00 útivera/ leikur
10:00 samverustund/ávaxtatími	14:45 síðdegisdrykkur
10:15 útivera/leikur	15:00 leikur inni/úti
11:25 samvera/söngur	16:10 deildir sameinast á Könglalandi
	16:15 leikskólinn lokar

**Dagskipulag á Reynilandi**

07:45 Leikskólinn opnar, leikur	11:30 Hádegismatur
08:10 Morgunmatur	11:50 Hvíld
09:00 Hópastarf/tónlist /íþróttahús	13:30 Leikur
09:50 Samverustund, ávaxtatími	14:45 Síðdegisdrykkur
10:10 Útivist	15:10 Leikur/útivist
11:15 Handþvottur, samverustund	16:15 Leikskólinn lokar

**8.1. Starfið á deildunum**

Kennarar leggja mikla áherslu á leikinn og gefa góðan tíma fyrir hann á hverjum degi enda er hann megin námsleið barna. Í leik eflir barnið alhliða þroska sinn, en þar er m.a. um að ræða líkamsþroska, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, mál- og siðgæðisþroska, félags og siðgæðisvitund. Leikurinn er börnunum eðlislægur og þau leika sér á sínum eigin forsendum. Í Aðalnámskrá leikskóla stendur á bls 37: „Í leik geta börn unnið með og gert tilraunir með hugmyndir sínar og öðlast nýjan skilning og nýja þekkingu. Í leik skapast vettvangur þar sem spurningar vakna og börn leysa vandamál, sem upp koma, á eigin forsendum. Í leik eflast vitrænir og skapandi þættir. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinngatengsl. Leikur getur virkjað sköpunarkraft barna og löngun þeirra til að læra og afla sér þekkingar.“

Útivera er hluti af daglega starfinu, hreyfing og útivera eru samtengdir þættir. Börnin vinna fjölbreytt verkefni sem byggja á starfsaðferðum og hugmyndafræði leikskóla. Markmiðið með þessum verkefnum er að stuðla að sjálfstæði og sjálfsþekkingu barnanna og efla með þeim vináttu og samkennd.

Í Upplýsingariti leikskólans Birkilundar eru útskýrð ýmis verk- og námsefni sem unnið er með í leikskólanum og vísað er til í eftirfarandi umfjöllun um starfið á deildunum. Upplýsingaritið er á heimasíðu Birkilundar á eftirfarandi slóð:

<https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/kynningarrit%20-%202024.pdf>

### 8.1.1. Reyniland

Á Reynilandi eru frá áramótum 17 börn, frá eins til tveggja ára, 10 drengir og 7 stúlkur. 7 börn eru fædd árið 2022 og 10 börn eru fædd árið 2023.

Hópastarf er þrjá daga í viku: þriðjudag, miðvikudag og fimmtudag, kl 9:00-9:45. Hóparnir eru Ljónahópur, Kanínuhópur og Kisuhópur. Í hópastarfi er farið í könnunarleik, Lubbastundir, málörvun, unnið að myndsköpun, félagsfærni, útikennslu, leikið í frjálsum leik og unnið að ýmsum öðrum verkefnum.

Tónlistarstund er annan hvern mánudag kl 9:15 fyrir öll börnin á deildinni. Á móti tónlistarstundunum, annan hvern mánudag kl 9:30 fara börnin í eldri árganginum, gangandi upp í íþróttahús og hitta þar börn og kennara af Kvistalandi. Þessar ferðir miðast við veður og færð.

Á föstudögum er lögð áhersla á frjálsum leik, útiveru og gönguferðir.

Alla daga er lögð áhersla á að hafa góðan tíma fyrir leik og að örva málproska og æfa sjálfshjálp í leik og starfi. Í samverustundum er sungið, lesið og spjallað. Farið er yfir tákn vikunnar, máhljóð vikunnar og orð því tengt og börnin æfð í að þekkja litina.

Á föstudögum eru settar inn á facebook síðu deildarinnar upplýsingar og myndir um starf vikunnar. Reglulega eru settar inn myndir í möppur barnanna í Karellen.

### 8.1.2. Kvistaland

Á Kvistalandi eru 12 börn, 5 stúlkur og 7 drengir, öll fædd 2021. Hópastarf er 4 morgna í viku. Við skiptum barnahópnum í 3 hópa, 4 börn í hóp. Þar sem börnin eru öll í sama árgangi höfum við ákveðið að hópaskipanin verði fljótandi, það er að segja að ekki eru alltaf sömu 4 börnin saman í hóp. Í hópastarfi er unnið með staf og tákn vikunnar, málörvun, stærðfræði, myndsköpun, tónlist, félagsfærni og íþróttir. Á mánudögum er til skiptis tónlistarstund og íþróttahúsferð. Í íþróttahúsinu eru þar á sama tíma börn af Reynilandi ásamt kennurum. Annan hvern föstudag er opið milli deilda þ.e. Kvistalands og Könglalands, þar sem leikurinn er allsráðandi, hinn föstudaginn förum við í vettangsferðir td. í skóginn, heimsókn á Reyniland og fl.



### 8.1.3. Könglaland

Á Könglalandi eru elstu börn leikskólans. Á deildinni eru 14 börn, 5 drengir og 9 stúlkur. Öll börnin eru í árgangi 2020. Á Könglalandi er hópastarf alla daga nema föstudaga og fer yfirleitt fram fyrir hádegi. Í hópastarfi er unnið með frjálsum leik, staf vikunnar, málörvun, stærðfræði, myndsköpun, tónlist, félagsfærni og íþróttir. Eftir hádegismat fara börnin í smá slökun þar sem allir fá hvíld. Eftir það einbeitungu við okkur að útiveru og frjálsum leik. Annan hvern mánudag förum við í íþróttahúsið og hinn förum við í tónlist.

Á föstudögum er farið til skiptis í gönguferðir og haft opið á milli deilda þar sem við fáum tækifæri til þess að kynnast börnum á Kvistalandi í gegnum leik.

### 8.1.4. Opið milli deilda og ferðir milli húsa

Annar hvern föstudag fyrir hádegi er opið á milli Könglalands og Kvistalands. Börnin geta farið á milli deilda og valið sér þau viðfangsefni sem eru í boði.

Til að auka tengsl milli húsa fara börnin reglulega á milli og hittast í útivist, ýmist á Reynilandi eða í Birkilundi.

### 8.1.5. Viðfangsefni í hópatímum

- **Myndsköpun**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir sköpunarþörf sína, þroski með sér einbeitingu og efla samhæfingu handa og augna. Barnið endurspeglar oft í myndverkum sínum þá reynslu sem það hefur upplifað, þær tilfinningar sem bærast með því og það sem því er hugleikið. Það er t.d. vatnslitað, málað, teiknað, límt, rífið og klippt.

- **Tónlist**, þar sem markmiðið er að barnið þroski með sér næmi fyrir hljóðum, hreyfingu og hrynjanda í gegnum söng, hlustun (tónverk, hljóðaspil, ofl), hreyfingu (dans ofl.), hljóðgjafa og hljóðfæri. Börnin fá að kynnast ýmsum hliðum tónlistar undir leiðsögn tónlistarkennara.

- **Málörvun**, þar sem markmiðið er að auka orðaforða og efla hljóðkerfisvitund barnanna og búa þau þannig undir lestrarnám. Notuð eru verkefni og leikir úr bókunum: Markviss málörvun, Leggðu við hlustir, Ljáðu mér eyra og Tölum saman. Unnið er með máhljóð vikunnar, þulur, rím, klappa atkvæði, spil, leiki, lestur og ritun.

- **Hreyfing**, þar sem markmiðið er að barnið fái útrás fyrir hreyfiþörf sína og að auka/efla líkamlegt úthald. Til þess notum við leiki, Leikur að læra, íþróttahús, nánasta umhverfi og gönguferðir.

- **Félagsfærni**, þar sem markmiðið er að börnin þjálfist í að vinna saman og sýna öðrum tillitssemi og umburðarlyndi og læri setja sig í spor annarra. Unnið er með félagsfærni í gegnum margs konar leiki en einnig Stig af stigi í 2 elstu árgöngunum.

- **Útikennsla**, þar sem markmiðið er að barnið fái tækifæri til að njóta náttúrunnar og læri að bera virðingu fyrir umhverfinu. Nánasta umhverfi skólans er nýtt, meðal annars svæði í skóginum þar sem sett hafa verið upp net, kaðlar og greinakofi til að leika sér í.

#### 8.1.6. Vettvangsferðir í rútu

Í skoðun er að finna leiðir til að fara í rútuferðir með viðeigandi öryggisbúnað.

### 8.2. Proski og framfarir

Proski barna er metinn með ýmsum matstækjum. Þau helstu sem við notum eru TRAS, Könnun Gerd Strand, Íslenski máhljóðamælirinn, Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn og Smábarnalistinn,

**TRAS** er skráning á málproska ungra barna. Barnið er fyrst metið þegar það er rúmlega tveggja ára og síðan á hálfis árs fresti fram að 5 ára aldri. Skráningin gefur vísbendingar um hvar barn er stadd í málproska á ákveðnum tímamarki og hvernig málproski þess þróast.

**Könnun Gerd Strand** er huglægur matslisti og þar sem eftirfarandi færniþættir eru metnar: Gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Könnunin miðast við 4 ára meðalnemanda og er ætlað að gefa kennara skýrari mynd af stöðu nemandans.

**Íslenski máhljóðamælirinn** er skimunartækni í spjaldtölvu. Með forritinu er unnt að skima og forprófa framburð íslensku máhljóðanna og meta skiljanleika tals um leið og forritið greinir sjálfkrafa helstu hljóðkerfisþætti í framburði.

**Hljóm-2** er athugun á hljóð- og málvitund barna. Hún er lögð fyrir elsta árgang leikskólans í september/október. Athugunin gefur vísbendingar um hvaða börn eru líkleg til að lenda í lestrarerfiðleikum síðar. Tilgangurinn með því að leggja hana fyrir er að finna þessi börn og vinna með þau til að draga úr líkum á þessum erfiðleikum.

**Íslenski þroskalistinn** er ætlaður til að meta þroska þriggja til sex ára barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Listinn metur grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám, sem síðað er deilt niður á tvo prófþætti, hreyfiþátt og málþátt. Hreyfiþáttur er mælikvarði á almenna hreyfifærni barns að mati móður. Málþáttur er mælikvarði á almenna færni barns á málsviði að mati móður.

**Smábarnalistinn** er ætlaður til að meta mál- og hreyfiþroska 15 mánaða til 38 mánaða barna með því að afla upplýsinga frá mæðrum þeirra. Listinn metur

grófhreyfingar, fínhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun og tal. Þessi fimm undirpróf skipa sér á tvo prófpætti: Hreyfipátt og málpátt.

### 8.2.1 Skipulag sérkennslu

Unnið er með börnunum í stórum hóp, litlum hópum eða einstaklingslega allt eftir þörfum barnanna og aðstæðum í leikskólanum. Ákveðinn kennari sinnir einstaklingsþjálfun og fær til þess leiðsögn hjá sérfræðingi, eftir að vandi barnsins hefur verið greindur.

## 9. Samstarf leik- og grunnskóla

Leikskólinn Birkilundur og grunnskólinn Varmahlíðarskóli hafa samstarf sín á milli þar sem bæði er gert ráð fyrir gagnkvæmum heimsóknnum nemenda og samskiptum starfsfólks. Þar sem skólahópurinn er ekki í leikskólanum eftir 4. nóvember eru engin börn úr leikskólanum að fara í heimsóknir í bekki Varmahlíðarskóla. Leikskólinn hefur aðgang að íþróttahúsinu í Varmahlíð á þeim tíma sem sundkennsla grunnskólanemenda fer fram og fer hver hópur á tveggja vikna fresti þangað.

### 9.1. Gaman saman

Frá árinu 2007 hafa Birkilundur og Varmahlíðarskóli verið í samstarfsverkefni: Gaman saman (sjá <https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/kynningarrit%20-%202024.pdf>

bls. 10). Hefur það stuðlað að auknum samskiptum nemenda og kennara þessara skóla. Eftir að skólahópurinn fluttist á deild í grunnskólanum í nóvember felast samskipti barnanna eingöngu í heimsóknnum grunnskólanemenda í leikskólann.

## 10. Fjölskylduþjónusta

Málefni leikskóla heyra undir Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og fræðslunefnd. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs hefur yfirumsjón og eftirlit með rekstri leikskóla en leiðtogi farsældar, fræðslu og ráðgjafar er faglegur ráðgjafi skólastarfsins. Leikskólarnir hafa aðgang að sérfræðiþjónustu frá fræðsluskrifstofu s.s. talmeinafræðingi, sálfræðingi og ráðgjafa á fjölskyldusviði.

Ef leikskólinn getur ekki leyst úr þeim frávikum sem upp koma varðandi börnin þá fer í gang ferli þar sem barni er vísað til sérfræðiþjónustu fjölskyldusviðs. Send er inn beiðni með undirskrift foreldra og leikskólastjóra.

Teymi barna er samstarfsverkefni Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og Fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Teymið hefur það að markmiði að hafa yfirsýn yfir og samræma starfsemi þjónustustofnana í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

Trúnaðarskylda gildir um öll mál sem unnin eru í samvinnu við sérfræðinga fræðsluþjónustunnar. Reglur um meðferð persónuupplýsinga gilda um öll þau gögn sem til verða við úrvinnslu einstakra mála.

Nánari upplýsingar um fjölskylduþjónustuna má finna á [https://www.skagafjordur.is/static/files/Ymislegt/2017/fjolskyldusvid\\_thjonusta\\_net102017\\_.pdf](https://www.skagafjordur.is/static/files/Ymislegt/2017/fjolskyldusvid_thjonusta_net102017_.pdf)

Starfsmenn geta sótt stuðning til ráðgjafa á fjölskyldusviði sem er tengiliður bæði leik- og grunnskóla.

## 11. Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda góðum tengslum við foreldra. Við höfum dagleg samskipti þegar komið er með börnin og þau sótt. Til þess að skapa meiri tengsl og gefa foreldrum vettvang til að koma sínum málum á framfæri og hafa tækifæri til þess að segja sitt álit á þeim áætlunum sem leikskólinn setur fram þá starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð við leikskólann.

### 11.1. Foreldrafélag

Foreldrafélag Birkilundar styður við starfið á ýmsan hátt, t.d. með því að aðstoða starfsfólk við ýmis tækifæri í leikskólanum, vinna að framgangi mála í samvinnu við starfsfólk og einnig með kaupum á kennslufni og öðru sem nýtist í starfinu. Stjórn foreldrafélagsins skipa: Kayleigh Benoit formaður, Birgir Ingvarsson gjaldkeri, Hrund Þorgeirsdóttir ritari, Gloria Kucel og Sarah Holzem/Helga Sjöfn Pétursdóttir meðstjórnendur.

### 11.2. Foreldraráð

Foreldraráð er skipað þremur fulltrúum foreldra, sem kosnir eru að hausti. Foreldraráð fær til umfjöllunar og umsagnar áætlanir leikskólans um starf og skipulag. Má þar nefna skóladagatal, starfsáætlun, námskrá og önnur rit sem leikskólinn gefur út. Fulltrúar í foreldraráði eru Anna Lilja Pétursdóttir, Lilja Dóra Bjarnadóttir og Ingvi Þór Bessason.

### 11.3. Foreldrafundir og foreldraviðtöl

Almennur foreldrafundur var haldinn 8. október. Tölvupóstur er nýttur til að koma upplýsingum reglulega á framfæri við foreldra. Foreldraviðtöl, þar sem deildarstjóri eða kennari barnsins fer yfir stöðu barnsins með foreldrum, fara alla jafnan fram í janúar, febrúar eða mars.

## 12. Sérstök verkefni

Á Haustþingsdegi 30. ágúst fengum við Lubbanámskeið. Höfum við síðan lagt meiri áherslu á vinnu með Lubba og að nýta efnið sem fylgir honum.

## 13. Innra mat

Í leikskólanum Birkilundi er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðslupjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október 2017. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

### Matsáætlun fyrir Birkilund

Skólaár	2024-2025	2025-2026	2026-2027
Haustönn			
	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni	gg. 2.7 Samstarf
	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun	gg. 2.1 Vernd barna

	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun
<b>Október</b>	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla
<b>Nóvember</b>	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun
<b>Vorönn</b>			
	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi	gg. 2.2 Skólanámskrá	gg. 1.3 Breytingastjórnun
	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar
<b>Febrúar</b>	Foreldrakönnun Skólapúlsins		Foreldrakönnun Skólapúlsins
<b>Mars</b>		Starfsmannakönnun Skólapúlsins	

Frá árinu 2017 hafa allir leikskólarnir þrír í Skagafirði verið þátttakendur í Skólapúlsinum auk grunnskólanna í Skagafirði. Í Birkilundi er foreldrakönnun lögð fyrir annað árið og starfsmannakönnun hitt árið. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og verkefni Skólavogarinnar. Skólavogin er tæki sem mörg sveitarfélög nýta, þ.á.m. Skagafjörður. Kerfið heldur m.a. utan um ýmsar rekstrarupplýsingar um skólastarfið og skilar m.a. samanburði á viðhorfi foreldra/forsjáraðila og starfsmanna í leikskólum við aðra leikskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á vef Skólapúlsins má nálgast nánari upplýsingar um aðferðafræðilegar aðferðir vefkerfisins, sjá hér: <http://skolavogin.is/um/>

#### 14. Ýmsar áætlanir

Viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs: <https://birkilundur.karellen.is/198-birkilundur.karellen.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlanir/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20vegna%20innfl%C3%BAensu.pdf>

#### Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldrráðs

## Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

**Starfsáætlun Birkilundar****Umsögn foreldraráðs fyrir skólaárið 2024-2025**

Starfsáætlun leikskólans Birkilundar er vel unnin og yfirgripsmikil. Allir þeir þættir sem skylt er að greina frá koma skilmerkilega fram. Áhersluatriði og markmið í starfi Birkilundar eru metnaðarfull og vel fram sett. Leikskólinn Birkilundur nýtir verkfæri eins og SMT, Tákn með tali, Stig af stigi og Leikur að læra til að ná markmiðum sínum. Leikskólinn er sjálfstæður SMT-skóli. Gott samstarf er á milli leikskólans Birkilundar og Varmahlíðarskóla og unnið að framþróun þess undir heitinu „Gaman saman“. Unnið er markvisst að því að auka vægi læsis í leikskólanum og búa börn undir lestrarnám. Leikskólinn Birkilundur er góður staður þar sem vel er hugsað um börnin okkar og vitað að þau eru í góðum höndum.

**Bygging og hönnun nýs leikskóla**

Það er ánægjulegt að sjá að bygging nýs leikskóla er komin vel á veg og vonast foreldraráð til að allar tímaáætlanir hvað bygginguna varða muni standast.

**Núverandi húsnæði**

Foreldraráð tekur undir fyrri umsagnir frá foreldraráði þar sem bent hefur verið á að verulega er þörf á úrbótum í húsnæðismálum leikskólans. Vissulega horfir nú til betri vegar með nýju húsnæði og því verða frekari úrbætur á núverandi húsnæði ekki útlistaðar hér.

**Sumarfrí**

Foreldraráð telur að huga megi að því að lengd lokunar vegna sumarfrís verði ekki lengri en 4-5 vikur, og sambærileg lengd lokunar á leikskólanum Tröllaborg.

**Skráningardagar**

Foreldraráð hvetur til þess að fyrirkomulag skráningardaga verði það sama og áður, að reynt sé að hengja skráningardaga utan á önnur frí, svo sem sumarfrí, jólafrí eða páskafrí. Þá fer vel að láta skráningardaga fylgja frídögum (t.d. starfsdögum) í grunnskóla.

Að lokum vill foreldraráð koma á framfæri þökkum til starfsfólks og stjórnenda leikskólans Birkilundar sem vinna gott starf í mjög erfiðu vinnuumhverfi. Starfsfólkið gerir sitt allra besta til að börnin finni ekki fyrir þeim vanbúnaði sem leikskólinn býr við í húsnæðismálum og bætir þannig á sig aukavinnu sem er eflaust nógu krefjandi fyrir.

**Atriði þar sem úrbóta er þörf (ekki tæmandi listi):**

- Halda stutta brunaæfingu (sem halda á árlega), skv. áætlun var síðasta æfing haldin í ágúst 2021.
- Halda æfingu með slökkvitæki, skv. áætlun var síðasta æfing haldin árið 2018. Starfsmannavelta líklega verið einhver á þeim tíma og því nauðsynlegt að halda slíkar æfingar reglulega.

Virðingarfyllst,

Anna Lilja

Ingi Þór

Lilja Dóra